

ÁKLASINN



Ársreikningur 2024

Áklasin 521015-0120

alklasinn@taeknisetur.is

www.alklasinn.is

+354 867 1898

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra	1
Almennt	1
Stjórn Álklassans	1
Fjárhagsleg staða	2
Það helsta á starfsári 2024	2
Framundan	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Áritun óháðs skoðunarmanns	7

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2024 var tíunda starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2023 var haldinn 24. maí og var á þeim fundi samþykkt að hækka klasagjöld um sem nemur 6%. Samþykkt var að halda siðareglum óbreyttum. Stjórn Álklasans tók breytingum. Guðríður Eldey Arnardóttir framkvæmdastjóri Samáls tók við af Pétri Blöndal sem varaformaður. Samtök lðnaðarins fóru úr stjórn klasans. Háskóli Íslands kom inn í stjórn en Andri Ísak Þórhallsson er fulltrúi HÍ. Á starfsári 2024 voru 34 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Ambjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Guðríður Eldey Arnardóttir, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

María Kristmundsdóttir (Alcoa Fjarðarál), Skúli Björn Jónsson (Efla verkfræðistofa), Brynja Silness (Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Cowi), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Andri Ísak Þórhallsson (Háskóli Íslands)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Dagur Ingi Ólafsson

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Álklasans hefur verið nokkuð stöðug frá stofnun klasans árið 2015. Hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn reiðir sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértæk verkefni. Rekstrarafkoma ársins var neikvæð. Þetta skýrist af auknum kostnaði af sérfræðipjónustu, en hún hækkar vegna stýringu stefnumótunar klasans. Fjárhagsleg staða klasans er stöðug og er rekstrartap eingöngu tæpar hundraðogtuttugupúsund krónur.

Það helsta á starfsári 2024

Verkefni klasans á árinu 2024 voru ýmisleg. Fyrsti viðburður á vegum klasans var hið árlega Nýsköpunarmót sem haldið var fimmtudaginn 14. mars í Hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands. Þrír nemendur fengu hvatningarviðurkenningar Álklasans, tvö þeirra frá Háskóla Íslands og eitt frá Háskólanum í Reykjavík. Forsetar verkfræðideilda HR og HÍ settu mótið en fyrsti flytjandi erindis var Dr. Espen Sandnes frá NTNU í Noregi. Um vorið ákvað klasinn að leggja drög að klasaferð til Kanada, eins og fyrirhugað hafði verið árið 2019 áður en Covid-19 heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn. Í lok ársins var tímasetning og drög að dagskrá fyrir ferðina tilbúin en skráning fyrir ferðina opnaði stuttu síðar. Um haustið var haldið í hefðina og farið í haustferð. Að þessu sinni var álver Rio Tinto í Straumsvík heimsótt, þar fengu gestir skoðunarferð um álverið ásamt fræðandi fyrirlestrum frá Rio Tinto og CarbFix. Að heimsókn lokinni var slappað af í Sky Lagoon. Stærsta verkefni ársins var þó stefnumótun Álklasans sem fram fór 21-22. nóvember. Þar var ný framtíðarsýn klasans mótuð undir handleiðslu Davíðs Lúðvíkssonar. Tíu áhersluverkefni voru skilgreind til þess að gera sýnina að veruleika. Hefðbundinn jólafundur fór svo fram 12. desember þar sem á dagskrá voru örkyrningar, smákökur ásamt heimagerðu kakói með þeyttum rjóma.

Framundan

Sífellda grósku má sjá í sprotum klasans. DTE hefur útskrifast af Tæknisetri og heldur fyrirtækið áfram að betrumbæta sínar lausnir. Margt er í gangi hjá SnerpaPower sem sífellt er að auka við megavöttin sem þau hjálpa til við að stýra. Arctus Aluminum heldur áfram eðalskautarannsóknunum og Álvit stefnir á stóra erlenda markaði með kragasallanum sínum.

Áfram heldur innviðauppbýgging á sviði efnisfræði og efnisverkfræðiseturs á Tæknisetri, HÍ og HR en það er einmitt hluti af uppfærðri stefnu Álklasans að skapa svokallað afburðarsetur í áltengdum rannsóknum á Íslandi. Efnisfræði- og efnisverkfræðisetrin eru sífellt að taka á sig mynd í þá átt. Framundan eru fjárfestingar í hanskaboxi, gegnsæjum ofni og búnaði til frumgerðarsmíða.

Hjá klasanum er ýmislegt framundan. Fast verður haldið í hefðbundna liði að haustferðinni undanskilinni sem í ár verður utanlandsferð til Québec. Klasinn mun halda áfram því að gera framtíðarsýn sína að veruleika með því að vinna að áhersluverkefnum þeim sem úr stefnumótuninni kom. Mikilvægt verður að kynna þessa stefnu vel fyrir hagaðilum og sérstaklega stjórnvöldum.

Reykjavík

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

REKSTRARREIKNINGUR

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Árgjald Álkasans.....	8.038.000	7.539.000
Árgjald Álkasans vegna stjórnarsetu.....	882.000	882.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....	1.165.000	2.368.500
Vaxtatekjur.....	35.060	41.579
Tekjur alls	10.120.060	10.831.079
Rekstrargjöld		
Fundir og mannfagnaðir.....	18.229	52.365
Ferðakostnaður.....	350.700	1.397.886
Sími og internet.....	161.912	145.805
Sérfræðipjónusta.....	9.214.947	8.228.338
Annar kostnaður.....	9.813	50.200
Hvatningarverðlaun.....	484.140	639.560
Rekstrargjöld alls	10.239.741	10.514.154
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	0	0
Rekstrarafkoma ársins	(119.681)	316.925

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir	31.12.2024	31.12.2023
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur.....	4.485.000	1.932.000
Handbært fé.....	2.467.296	5.075.846
Veltufjármunir	<u>6.952.296</u>	<u>7.007.846</u>
 Eignir samtals	 <u>6.952.296</u>	 <u>7.007.846</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé.....	4.755.610	4.875.291
	<u>4.755.610</u>	<u>4.875.291</u>
 Skammtímaskuldir		
Ógreiddur kostnaður.....	2.196.686	2.132.555
	<u>2.196.686</u>	<u>2.132.555</u>
	<u>6.952.296</u>	<u>7.007.846</u>

SJÓÐSTREYMI


	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstraafkoma ársins.....	(119.681)	316.925
	(119.681)	316.925
Breytingar á rekstartengdum eignum/skuldum		
Skammtimakröfur (hækkun) lækkun.....	(2.553.000)	(1.814.000)
Skammtimaskuldir, hækkun (lækkun).....	64.131	139.373
Breytingar á rekstartengdm eignum og skuldum	(2.488.869)	(1.674.627)
Handbært fé frá rekstri	(2.608.550)	(1.357.702)
Breyting á handbæru fé.....	(2.608.550)	(1.357.702)
Handbært fé í ársbyrjun.....	5.075.846	6.433.548
Handbært fé í árslok.....	2.467.296	5.075.846

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirritaður, skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka kt. 521015-0120, hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2024.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn með bókhaldinu.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2024.



Eyjolfur Þór Guðlaugsson

Bókari

Kt. 290759-7819